

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 49. fundur, 21. maí. 2013

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson, Sveina Björk Jóhannesdóttir og Gísli Rúnar Magnússon.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

### 1. Aðalskipulagsbreyting í Naustahverfi, Jaðarstún sunnan Bónuss

Rætt um þá ákvörðun bæjarstjórnar að samþykkja aðalskipulagsbreytinguna vegna Jaðarstúns.

### 2. Úthlutun milljónanna tveggja til hverfisnefnda bæjarins.

Nefndin kynnti fyrir framkvæmdaráði hugmyndir sínar um hvað gera ætti við milljónirnar tvær. Kynningin fór fram þann 17. apríl og eftirfarandi var kynnt:

- a) Naustaborgir, áningarstaður.
- b) Leiksvæði/grendarvöllur við Ljómatún.

### 3. Bílastæðamál við Naustaskóla.

Hverfisnefnd og Skólaráð þurfa að fara í sameiginlegt átak við að fá þessi bílastæðamál í gegn. Því leggur hverfisnefnd enn og aftur áherslu á að ljúka frágangi við bílastæði við Naustaskóla og Naustatjörn ásamt sleppisvæðum við Kjarnagötu og Lækjartún fyrir skólabyrjun haustið 2013.

### 4. Vorhátíð Naustahverfis

Vorhátíðin haldin í samvinnu við Naustaskóla fimmtudaginn 30. maí, kl. 16:15 í Naustaborgum, auk þess sem opið hús verður í Naustaskóla frá 17:30.

Anna Sjöfn ræðir við Bónus um sósur, steiktan oþh.

Bjarni ræðir við Ölgerðina og Kjarnafæði um gos og pylsur

Ómar ræðir við Kristjáns bakarí um pylsubrauð

Gísli pantar pláss fyrir auglýsingu og kemur texta í Dagskránnu

Sveina pantar borð hjá Akureyrarbæ og óskar eftir að láta opna hliðið upp í Naustaborgir

Hrafnhildur ræðir við Ara á Greifanum og óskar eftir grillum og borðum.

Nefndin hittist kl 15:30 á bílastæðinu við Ljómatún.

### 5. Vorhjóla hverfisnefndar

Að venju ætlar hverfisnefnd að hjóla um hverfið og skoða það sem betur mætti fara. Stefnum að því að hjóla þriðjudaginn 28. maí, kl. 19:30 við Bónus.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30.